

Priðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 276/1996.

Protabú Drafnar, fasteignaþjónusta hf.,

(Hlökkver Kjartansson hdl.)

gegn

Ragnari Hafliðasyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Kærumál. Ómerking. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 2. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 19. júní 1996, þar sem viðurkennd var krafa, sem varnaraðili hafði lýst við gjaldþrotaskipti sóknaraðila. Kæruheimild er í 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar, en auk þess, að varnaraðila verði gert að greiða kærumálskostnað. Til vara krefst sóknaraðili þess, að hafnað verði að viðurkenna kröfu varnaraðila, að fjárhæð 921.637 krónur, sem kröfu samkvæmt 4. tölulið 110. gr. laga nr. 21/1991 við gjaldþrotaskipti sóknaraðila og varnaraðili verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað. Til þrautavara gerir sóknaraðili þá kröfu, að krafa varnaraðila verði aðeins viðurkennd að hluta, að hámarki 205.579 krónur, en málskostnaður á báðum dómstigum falli þá niður.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Samkvæmt greinargerðum málsaðila fyrir héraðsdómi stendur deila þeirra um viðurkenningu á kröfu varnaraðila um endurgjald fyrir verk, sem hann leysti af hendi fyrir upphaf gjaldþrotaskipta sóknaraðila, en á þeim tíma naut Dröfn, fasteignaðjónusta hf., heimildar til greiðslustöðvunar. Snýst ágreiningurinn annars vegar um, hvort varnaraðili eigi tilkall til verklauna, sem hann gerir kröfu um, þar á meðal um einstaka kröfuliði, og hins vegar, hvernar stöðu slík krafa ætti að njóta í réttindaröð við gjaldþrotaskiptin.

Í hinum kærða úrskurði er ranglega hermt, að ekki sé deilt um málavexti, og auk þess er lýsingu þeirra þar mjög áfátt. Látið er hjá líða að greina frá sundurliðun á kröfum varnaraðila í einstaka liði, en vísað er allt að einu til tilgreindra kröfuliða þegar málsástæður og lagarök aðilans eru rakin. Í lýsingu málsástæðna er lítið sem ekkert getið um röksemdir, sem aðilar halda fram um réttmæti kröfu varnaraðila um verklaun, hvað sem líði stöðu hennar í réttindaröð. Í niðurstöðum er síðan leyst úr ágreiningi aðila um réttthæð kröfu varnaraðila við gjaldþrotaskiptin, en engar röksemdir færðar fyrir því að taka kröfuna til greina gegn mótmælum sóknaraðila með þeirri fjárhæð, sem varnaraðili krefst. Þá er látið ógert að taka afstöðu til þess þáttar í kröfugerð varnaraðila, að krafa hans verði greidd af andvirði veðsettra eigna á undan veðtryggðum kröfum. Af þeim ástæðum, sem að framan greinir, verður hinn kærði úrskurður ómerktur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og úrlausnar að nýju. Er eftir atvikum rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðfinnsluvert er, hvernig staðið var að samningu hins kærða úrskurðar.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er ómerktur og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til munnlegs flutnings og úrlausnar að nýju.

Málkostnaður í héraði og kærúmálkostnaður falla niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 19. júní 1996.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 30. maí sl. að loknum munnlegum málflutningi, barst dóminum með tilkynningu skiptastjóra þb. varnaraðila, Hlöðvers Kjartanssonar hdl., dagsettri 8. desember sl., um það, að kominn væri upp ágreiningur um kröfu sóknaraðila. Í framhaldi þess var málið þingfest 9. janúar 1996.

Sóknaraðili er Ragnar Hafliðason, kt. 121128-4389, en varnaraðili þb. Drafnar, fasteignapjónusta hf., kt. 660194-2669, Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði.

Dómkröfur sóknaraðila eru þær, að krafa hans, að fjárhæð 921.637 krónur, verði samþykkt og viðurkennd sem forgangskrafa skv. 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991 og verði greidd af andvirði veðsettra eigna á undan veðtryggðum kröfum. Krafa er um greiðslu dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 205.579 krónum frá 30. 1. 1995 til 30. 2. 1995, en af 921.637 krónum

frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess gerir hann kröfu um málskostnað í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning, að fjárhæð 432.000 krónur.

Dómkröfur varnaraðila eru þær aðallega, að kröfu sóknaraðila verði hafnað, en til vara, að hún verði aðeins tekin til greina að hluta og vaxta-kröfu sóknaraðila hafnað. Í báðum tilvikum er þess krafist, að sóknaraðili verði dæmdur til þess að greiða varnaraðila málskostnað auk virðisauka-skatts að skaðlausu í samræmi við fram lagðan málskostnaðarreikning, að fjárhæð 237.825 krónur.

Málavextir.

Um málavexti er ekki deilt, en þeir eru samkvæmt greinargerðum aðila og fram lögðum gögnum og dómskýrslum í stuttu máli þessir:

Sumarið 1994 óskaði Dröfn, fasteignaþjónusta hf., eftir því, að sóknaraðili gerði tilboð í verkþátt málunar í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju, sem hinn fyrrnefndi var að innrétta fyrir safnaðarnefnd Hafnarfjarðarkirkju. Sóknaraðili skilaði tilboði sínu, og tókust samningar um verkið. Hinn 20. ágúst 1994 byrjaði sóknaraðili á verkinu og fékk greitt fyrir það eftir framvindu þess. Hafði sóknaraðili fengið greiddar 883.354 kr., þegar Dröfn, fasteignaþjónusta hf., fékk úrskurð um heimild til greiðslustöðvunar 12. október 1994. Í október 1994 barst yfirlýsing frá fyrirsvarsmönnum Drafnar, fasteignaþjónustu hf., Drafnar, skipaþjónustu hf., Skipasmíðastöðvarinnar Drafnar hf. og Bjarna Þóri Óskarssyni hdl., aðstoðarmanni í greiðslustöðvun, þess efnis, að hlutafélögin teldu sér unnt að greiða allar eldri kröfur við lok greiðslustöðvunarinnar. Þar var einnig tekið fram, að eldri kröfur yrðu greiddar á greiðslustöðvunartíma, eftir því sem þær gjaldféllu, og að forsenda þess, að þær fengjust greiddar að fullu, væri sú, að rekstur félaganna héldi áfram, og voru verktakar hvattir til að halda áfram viðskiptum við félögin á greiðslustöðvunartímanum.

Hinn 14. október 1994 barst yfirlýsing frá sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju um verksamning Drafnar, fasteignaþjónustu hf., og sóknarnefndarinnar um frágang innan húss í safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju. Í þeirri yfirlýsingu lýsir sóknarnefnd yfir því, að hún samþykki að greiða umsamdar verkhlutagreiðslur vegna verksamnings beint til undirverktaka og birgja fyrir verk unnin á greiðslustöðvunartímabilinu. Er þess getið, að allar greiðslur til undirverktaka og birgja skuli áritaðar til samþykktar af aðstoðarmanni á greiðslustöðvunartíma og að greiðslurnar skyldu í hvert sinn skoðast sem hlutagreiðslur til Drafnar, fasteignaþjónustu hf., vegna verkstöðureiknings.

Sóknaraðili hélt áfram vinnu við verkið og vann auk þess ýmis aukaverk,

sem beðið var um, og voru reikningar sóknaraðila greiddir fram að 23. janúar 1995, er Dröfn, fasteignaþjónusta hf., var úrskurðuð gjaldþrota. Lýsti sóknaraðili kröfum sínum sem forgangskröfum skv. 4. tl. 110. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 í þrotabú varnaraðila, sem hafnaði þeim.

— — —

Niðurstaða.

Sú málsástæða varnaraðila, er lýtur að því, að skort hafi skilyrði til þess að heimila Dröfn, fasteignaþjónustu hf., greiðslustöðvun 12. október 1994 og framlengja hana síðan 3. nóvember 1994 til 30. janúar 1995 á ekki heima í máli þessu. Greiðslustöðvunin var heimiluð með dómsúrskurði, dags. 12. október 1994, og er gildi þess úrskurðar því ekki til úrlausnar hér.

Í máli þessu er um það deilt, hvort krafan fáiast samþykkt sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. gjaldþrotalaga. Varnaraðili hefur ekki sýnt fram á, að um skilyrði 19.–21. gr. laga nr. 21/1991 sé ekki að ræða. Ljóst er af gögnum málsins, að verk sóknaraðila er unnið á greiðslustöðvunartíma og með samþykki umsjónarmanns. Fyrirsvarsmenn Drafnar, fasteignaþjónustu hf., óskuðu eftir vinnu sóknaraðila á greiðslustöðvunartíma með sérstakri yfirlýsingu og lofuðu greiðslum fyrir þá vinnu, sem innt væri af hendi á greiðslustöðvunartímanum. Af því, sem nú hefur verið rakið, er niðurstaðan sú, að fallast beri á kröfu sóknaraðila í máli þessu, og er krafa hans, að fjárhæð 921.637 krónur, viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 110. grein laga nr. 21/1991, eins og henni er lýst í búið.

Að því er varðar vaxtakröfu sóknaraðila, er reglan sú, að samkvæmt ákvæðum 1. tl. 114. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991 eru vextir af höfuðstól lýstrar kröfu eftirstæð krafa, og getur vaxtakrafa ekki hlotið stöðu sem búskrafa samkvæmt 4. tl. 110. gr. laga nr. 21/1991. Af þeim sökum er ástæðulaust að fjalla um mótmæli varnaraðila við vaxtakröfu sóknaraðila.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Krafa sóknaraðila, Ragnars Hafliðasonar, að fjárhæð 921.637 krónur, er viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 4. tl. 110. greinar laga nr. 21/1991 í þrotabú varnaraðila, Drafnar, fasteignaþjónustu hf.

Varnaraðili greiði sóknaraðila 200.000 krónur í málskostnað.
